Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

Samið við ríkið

Tjörnesingar kátir

Orlofskostir 2020

2. tbl. 31. árgangur • Mars 2020

Samningur undirritaður við ríkið

Skógrækt ríkisins-HSN-Vegagerðin-framhaldsskólar-þjóðgarðar

Forsíða

Þessi sólargeisli leit við á Skrifstofu stéttarfélaganna á Öskudaginn. Vonandi verður það til þess að blessað veðrið fari að lagast eftir frekar leiðinlega tíð.

ÚTGEFENDUR
Þingiðn, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag
Verkalýðsfélag Þórshafnar.

HEIMILISFANG
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI
464 6600

NETFANG
kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA
www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR
Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað 8. mars 2020

UPPLAG
1800

HÖNNUN/UMBROT OG PRENTUN
Ásprent, Akureyri

Samninganefnd Starfsgreinasambands Íslands, fyrir hönd 18 aðildarfélaga sinna, skrifaði 6. mars undir nýjan kjarasamning við samninganefnd ríkisins með fyrirvara um samþykki félagsmanna í rafrænni atkvæðagreiðslu sem fram fer á næstu vikum. Samningurinn gildir frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2023 og nær m.a. til félagsmanna Framsýnar og Verkalýðsfélags Þórshafnar sem starfa hjá ríkinu.

Helstu atriði samningsins eru sem hér segir:

- Laun hækka í samræmi við lífskjarasamninginn og hækka frá 1. apríl 2019.
- Lágmarksorlof hjá öllum starfsmönnum verður 30 dagar.
- Markviss skref til styttingar vinnuvikunnar. Frá 1. janúar 2021 styttist vinnuvikan um samtals 65 mínútur fyrir fólk í fullu starfi.
- Vinnuvika vaktavinnufólks verður 36 stundir m.v. fullt starf og nýtt launamyndunarkerfi verður tekið upp. Breytingar verða gerðar á fyrirkomulagi vaktavinnu sem býður upp á betra starfsumhverfi með styttri vinnuviku.
- Tekin verður upp ný launatafla sem byggir á álagsþrepum en ekki aldurþrepum, í tengslum við það verða stofnannasamningar endurskoðaðir og er ráðstafað allt að 142 milljónum króna vegna þessa.
- Framlag í orlofssjóð stéttarfélaga hækkar.
- Persónuuppbót sem greiðist 1. maí ár hvert og nemur kr. 50.450 fyrir fullt starf árið 2020.
- Desemberuppbót hækkar úr kr. 115.850 árið 2019 í kr. 124.750 árið 2022.
- Tekið er upp nýtt ákvæði um að félagsmenn sem starfað hafa samfellt í 3 ár geta fengið launað leyfi í samtals í þrjá mánuði til að stunda viðurkennt starfsnám.

Samningurinn verður kynntur félagsmönnum Framsýnar á næstu dögum og vikum en gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðslu um hann ljúki 26. mars. Atkvæðagreiðslan verður rafræn og munu félagsmenn Framsýnar sem starfa eftir kjarasamningnum fá frekari gögn varðandi samninginn og atkvæðagreiðsluna á næstu dögum.

Kynningarfundur um kjarasamning við ríkið

Framsýn boðar til kynningarfundar um nýgerðan kjarasamning félagsins við ríkið fimmtudaginn 19. mars. Fundurinn verður í fundasal stéttarfélaganna og hefst kl. 17:00. Atkvæðagreiðsla um samninginn verður rafræn og munu félagsmenn Framsýnar fá kjörgögn heim til sín á næstu dögum. Kjarasamningurinn nær til félagsmanna Framsýnar sem starfa hjá ríkisstofnunum s.s. hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Vegagerðinni, framhaldsskólum og Skógrækt ríkisins.

Framsýn stéttarfélag

Samningafundur framundan

Eftir fund með starfsmönnum hvalaskoðunarfyrirtækja á Húsavík í lok febrúar hefur Framsýn gengið frá kröfugerð fyrir hönd starfsmanna. Jafnframt hefur verið gengið frá því við Samtök atvinnulífsins, sem hefur verið í forsvari fyrir fyrirtækin í viðræðunum við Framsýn, að fyrsti samningafundurinn verði á allra næstu dögum. Þegar þetta er skrifað var ekki búið að fastnegla daginn. Þar sem vertíðin hjá hvalaskoðunarfyrirtækjunum fer að hefjast er mikilvægt að samningaviðræður klárist sem fyrst.

Almenn launahækkun 1. apríl

Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Verkalýðsfélags Þórshafnar eiga rétt á launahækkunum kr. 24.000,- þann 1. apríl nk. Það er þeir starfsmenn sem starfa eftir kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands, Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins. Hækkunin miðast við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

Starfsmenn LV samþykktu kjarasamning

Atkvæðagreiðslu um kjarasamning Landsvirkjunar og Starfsgreinasambands Íslands er lokið. Samningurinn nær til félagsmanna Framsýnar sem starfa í Kröflu, Þeistareykjum, Laxárvirkjun og við Bjarnarflagsvirkjun. Alls samþykktu 91% félagsmanna kjarasamninginn, auðir og ógildir voru 9%. Samningurinn skoðast því samþykktur.

Starfsmenn Tjörneshrepps kátir

Atkvæðagreiðslu um kjarasamning Framsýnar og Tjörneshrepps vegna starfsmanna hreppsins er lokið. Henni lauk formlega 2. mars. Kosningaþátttaka var 66.7%. Atkvæðagreiðslan fór þannig: Já sögðu 66,7%. Nei sögðu 0% og auðir og ógildir seðlar voru 0%. Samningurinn skoðast því samþykktur. Kjarasamningurinn byggir á samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands sem Framsýn á aðild að. Kjarasamningurinn við Tjörneshrepp er nokkuð hagstæðari þar sem kveðið er á um að starfsmenn fái 4 launaflokka til viðbótar gildandi starfsmati.

Veist þú… nú er afsláttur
á flugi fyrir félagsmenn sem fljúga
með Icelandair milli landa
og Air Iceland Connect innanlands og erlendis.

Frekari upplýsingar eru á http://orlof.is/framsyn/

Samkomulag um kjör starfsmanna við afþreyingarþjónustu

Í síðustu kjarasamningum Landssambands íslenskra verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að var gerður sérkjarasamningur sem gildir um samsett störf (afgreiðslu- og þjónustustörf) hjá afþreyingar- og ferðaþjónustufyrirtækjum, þar sem starfsmenn sinna jafnt afgreiðslu, bókunum, símaþjónustu og sambærilegum verkefnum, samsett störf. Störf sem falla undir samninginn eru m.a. afgreiðsla í hvalaskoðunarfyrirtækjum, hestaleigum, fjallaferðum, ferjum, bílaleigum, söfnum, leikhúsum, hópferðabifreiðum og sala á ferðum inni á hótelum.

Erlendum starfsmönnum auðveldað að gera skattskil

Þrátt fyrir að framtalsskil séu orðin býsna einföld fyrir lang flesta þá eru form og upplýsingar að mestu á íslensku hjá skattinum. Fyrir því eru ýmsar ástæður m.a. tæknilegar. Ekki er ólíklegt að þetta muni breytast á allra næstu árum enda starfa þúsundir erlendra starfsmanna á Íslandi á hverjum tíma sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Mikilvægt er að unnið verði markvist að því að auðvelda erlendum starfsmönnum að gera skil á skattaskýrslum.

Í viðleitni til að auðvelda þeim framtalsskil sín hafa nú verið gefnar út leiðbeiningar á ensku og pólsku sem ættu í mjög mörgum tilvikum að nægja til að viðkomandi geti sjálfir gengið frá og skilað skattframtali. Hér er slóðin: https://www.rsk.is/filingtaxreturn. Leiðbeiningarnar eru einnig til í prentuðu formi hjá Ríkisskattstjóra.

Lámarkstekjutrygging frá 1. apríl 2020

Lámarkstekjutrygging fyrir fullt starf fyrir þá starfsmenn sem eftir að 18 ára aldri er náð hafa starfað hjá sama vinnuveitanda í a.m.k. 6 mánuði.

- **Lágmarkstekjutrygging verkafólks fyrir 173,33 klst. á mánuði kr. 335.000,-.**
- **Lágmarkstekjutrygging afgreiðslufólks fyrir 167,94 klst. á mánuði kr. 335.000,-.**

Þríhliða sátt um viðbrögð við COVID-19

Ríkisstjórn Íslands, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa náð þríhliða samkomulagi um aðgerðir til þess að hægja á útbreiðslu COVID-19 veirunnar hér á landi með því að tryggja að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um að fara í sóttkví án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni.

Mikill fjöldi launafólks hefur að tilmælum yfirvalda farið í sóttkví sem felur það í sér að það getur ekki sótt vinnu auk þess sem öll samskipti eru takmörkuð. Slíkt felur í sér mikla röskun á högum og daglegu lífi. Miklir samfélagslegir hagsmunir eru fólgnir í því að sóttkví sé haldin og hægt á útbreiðslu veirunnar. Af þeim ástæðum verður að tryggja að það launafólk sem sætir sóttkví þurfi ekki að óttast um afkomu sína meðan á henni stendur.

Aðilar hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Samtök atvinnulífsins munu beina þeim tilmælum til atvinnurekenda að laun verði greidd til einstaklinga sem sæta sóttkví að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda.
2. Alþýðusamband Íslands mun beina þeim tilmælum til aðildarsamtaka sinna að sjóðfélagar í sjúkrasjóðum þeirra sem sýkjast njóti óskertra greiðslna úr sjóðunum að tæmdum veikindarétti.
3. Stjórnvöld munu beita sér fyrir að breytingar verði gerðar á lögum um sjúkratryggingar í þá veru að atvinnurekandi, sem greiðir launamanni sem sætt hefur eða mun sæta sóttkví laun, geti krafið sjúkratryggingar um endurgreiðslu kostnaðar að ákveðnu hámarki séu tilteknar aðstæður fyrir hendi eins og til dæmis að launamaður geti ekki sinnt vinnu heiman frá sér. Unnið verði að útfærslu á þeirri aðkomu stjórnvalda og gildistíma og stefnt verði að því að þeirri vinnu verði lokið 13. mars.

Meðan á sóttkví stendur reynir ekki á veikindarétt almenns launafólks, frekar en opinberra starfsmanna, en sjúkrasjóðirnir þurfa að vera reiðubúnir til að taka við þeim sem veikjast og tæma veikindarétt sinn af þeim ástæðum.

Hvað þessa yfirlýsingu varðar mun Framsýn stéttarfélag tryggja að félagsmenn sem hugsanlega sýkjast njóti óskertra greiðslna úr sjúkrasjóði félagsins að tæmdum veikindarétti hjá viðkomandi atvinnurekanda.

Orðsending til veiðifélaga

Töluvert hefur borið á því að starfsmenn sem starfað hafa hjá veiðiheimilum á félagssvæði Framsýnar hafi verið í sambandi við félagið vegna óánægju með starfskjör, önnur réttindi og aðbúnað. Framsýn brást við þessum aðstæðum síðasta sumar með því að skrifa forsvarsmönnum veiðiheimila í Þingeyjarsýslum bréf varðandi þessa þætti og ítrekaði mikilvægi þess að veiðifélögin hefðu þessi í mál í lagi samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Sum veiðifélögin brugðust vel við og ætla að bæta úr meðan önnur sögðust vera með sín mál í lagi.

Því miður sáu ekki öll veiðifélögin ástæðu til að svara erindi stéttarfélagsins. Rétt er að geta þess að málefni starfsmanna í veiðiheimilum hafa verið til umræðu á vetfangi Starfsgreinasambands Íslands. Framkvæmdastjóri sambandsins hefur meðal annars fundað með forsvarsmönnum Landssambands veiðifélaga. Til stendur að gera átak í sumar þar sem flest ef ekki öll veiðiheimili landsins verða heimsótt og kallað eftir upplýsingum um starfsemina. Ekki er ólíklegt að opinberir aðilar verði með í för og taki þátt í eftirlitinu. Framsýn skorar hér með á veiðifélögin í Þingeyjarsýslum að hafa þessi mál í lagi eins og lög og reglur á vinnumarkaði kveða á um, nú þegar ráðningar standa yfir vegna veiðitímabilsins sumarið 2020.

Framsýn og önnur stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands skora á veiðifélög sem koma að rekstri veiðiheimila að virða ákvæði kjarasamninga gagnvart starfsmönnum.

Sjálfkjörið hjá Þingiðn

Um síðustu mánaðamót rann út frestur til að skila inn lista eða tillögum um fólk í trúnaðarstörf á vegum Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum fyrir komandi kjörtímabil sem eru tvö ár, það er frá aðalfundi félagsins 2020 til aðalfundar 2022. Ekki bárust aðrar tillögur en frá uppstillinganefnd félagsins um félagsmenn í stjórnir, ráð eða nefndir á vegum félagsins. Því er sjálfkjörið í trúnaðarstörf í Þingiðn fyrir næsta kjörtímabil.

Undirbúningur í fullum gangi

-Hátíðarhöld 1. maí-

Að venju standa stéttarfélögin fyrir hátíðarhöldum í Íþróttahöllinni á Húsavík 1. maí. Samkoman hefst kl. 14:00 og eru allir velkomnir. Unnið er að því að setja saman dagskrá sem verður klár á næstu vikum. Meðal þeirra sem koma fram eru Jóhannes Einarsson grínisti, Karlakórinn Hreimur sem aldrei hefur verið í betra formi og tónlistarmennirnir Grétar Örvarsson söngvari og hljómborðsleikari, Jón Þorsteinn Reynisson harmónikkuleikari og Þórhildur Örvarsdóttir söngkona sem koma til með að flytja syrpu af þekktustu lögum Örvars Kristjánssonar. Má þar nefna; Komdu inn í kofann minn, Fram í heiðanna ró, Hlín Rósalín og Húmar að kveldi, Siglt í norður, Hestamannapolka og allra vinsælasta lag Örvars að öðrum ólöstuðum Sunnanvindur. Endanleg dagskrá verður auglýst síðar.

Líflegur Öskudagur

Það var óvenjumikið líf og fjör á Skrifstofu stéttarfélaganna á Öskudaginn. Fólk á öllum aldri kom við og söng og þáði mæru í staðinn hjá starfsmönnum stéttarfélaganna. Meðfylgjandi eru myndir sem teknar voru af alls konar fólki sem leit við og heilsaði upp á stéttarfélögin.

Sumarhús, íbúðir, hótel og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn-

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum, Framsýn, Þingiðn, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum upp á sameiginlega orlofskosti sumar og vetur. Flest orlofshúsin eru þó aðeins í útleigu yfir sumarið. Félagsmönnum stendur auk þess til boða orlofsíbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Þá er í boði ódýrt flug, tjaldstæðastyrkir og gistiávísanir á hótel og gistiheimili víða um land.

Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík

Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsófi er í stofu og tvær aukadýnur. Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 3

Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m2 orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Þvottavél er í orlofshúsinu. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Orlofshús á Einarsstöðum

Sumarhúsin að Einarsstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn. Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og koja yfir en í þriðja herberginu eru kojur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt á staðnum. Sækja og greiða þarf línið hjá umsjónarmanni á Einarsstöðum.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl

Leiguverð sumarið 2020

Líkt og undanfarin ár bjóða félögin upp á orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 29.000 á viku sumarið 2020. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshúsin eru í boði. Einnig er hægt að nálgast umsóknarblöð á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 15. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélögunum, þess í stað er leitast við að útvega félagsmönnum orlofshús á hverju ári sem tekur mið af framboðinu sem er á hverjum tíma hjá félögunum.

Flókalundur - Barðaströnd

Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Bjarkarsel - Flúðum

Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikið er af merktum gönguleiðum í nágrenningu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Illugastaðir Hús nr. 6

Í boði er nýlegt 48 m2 orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar. Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsófi. Við húsið er góð verönd með nýjum heitum potti. Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug með heitum pottum.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi

Orlofshúsið er um 52 m2 að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshús Öxarfirði

Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel búið með þrem svefnherberjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 1. júní til 1. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Sólheimar 23 Reykjavík

Íbúðin í Sólheimum er þriggja herbergja. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum.
Auk þess er barnarúm til staðar. Þá er tvíbreiður sófi í stofunni.

Veiðikort í boði

Eins og verið hefur mun félagsmönnum verða boðið Veiðikortið nú í ár á sérstöku vildarverði. Frekari upplýsingar á Skrifstofu Stéttarfélaganna.

Orlofshús Eiðum

Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m2 orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Þorrasalir 1-3 í Kópavogi

Í boði eru fimm glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til 100 fm. Í íbúðunum eru tvo herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Orlofshúsið í Svignaskarði - Hús no. 5

Húsið er með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi, baðherbergi og geymslu. Svefnpláss er fyrir 6 - 8 manns í rúmum, leirtau og búnaður fyrir a.m.k. 10 manns. Heitur pottur er við húsið og gasgrill fylgir. Gestum er heimilt að koma í húsið frá kl. 16:00 á komudegi og skila þeim hreingerðum fyrir kl. 12:00 á brottfarardegi. Föstudagar eru skiptidagar.

Gistiheimili Keflavíkur

Stéttarfélögin hafa samið við Gistiheimili Keflavíkur um ódýra gistingu fyrir félagsmenn sem ferðast milli landa. Gistiheimilið er í eigu sömu aðila og reka Hótel Keflavík.
Gestir þurfa að deila snyrtingu með öðrum gestum en tvö baðherbergi fylgja sex herbergjum. Innifalið í verðinu er einnig geymsla á bíl. Gistiheimilið er við Vatnsnesveg 9 í Keflavík, það er á móti Hótel Keflavík.
Innritun gesta á Gistiheimili Keflavíkur fer fram á Hótel Keflavík. Þar geta gestir einnig gengið að góðum morgunverði og annarri þjónustu á vegum hótelsins.

Furulundur 11e - Akureyri

Íbúðin er rúmgóð með þremur svefnherbergjum, það er hjónaherbergi og tveimur herbergjum með þremur rúmum og tveimur auka dýnum. Þá er barnarúm í íbúðinni.
Góð verönd er við íbúðina sem er endaíbúð í raðhúsi.

Alba gistiheimili – góður kostur

Við viljum benda á athyglisverðan kost fyrir félagsmenn sem eiga leið í styttri ferðir til Reykjavíkur sem er Alba gistiheimili. Það er vel staðsett að Eskihlíð 3 sem er á milli Miklubrautar og Bústaðavegar og því stutt frá flugvellinum. Hægt er að bóka einstaklingsherbergi og upp í fjögurra manna herbergi á mjög hóflegu verði. Þannig kostar eins manns herbergi félagsmanninn núna með morgunverði 5.300 krónur og tveggja manna herbergi 6.900 krónur. Þessi valkostur stendur félagsmönnum til boða frá 15. september til 30. apríl ár hvert. Rétt er að taka fram að þetta verð gildir ekki yfir sumarið.

Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausri brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.

Bed - Breakfast Keflavík

Stéttarfélögin eru með samning við Gistihús Keflavík/Bed-Brekfast um afslátt af gistingu fyrir félagsmenn. Auk þess niðurgreiða félögin hverja gistinótt um kr. 2.500,- fyrir hvern fullgildan félagsmann. Gistihús Keflavíkur er góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Boðið er upp á morgunverð frá klukkan 04:30 alla daga. Akstur til og frá Keflavíkurflugvelli innifalin í verði. Nánari upplýsingar á www.bbkeflavik.com

Orlofskostir á netinu

Félagsmenn sem vilja fræðast betur um þá orlofskosti sem eru í boði á vegum stéttarfélaganna geta farið inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Gisting á Hótel Keflavík

Félagsmönnum býðst gisting á Hótel Keflavík, sem er góður kostur fyrir þá sem eru að ferðast um Keflavíkurflugvöll. Morgunverður er veittur árla morguns fyrir gesti hótelsins sem þurfa að fara snemma í flug og er þeim síðan boðinn akstur á flugstöðina og geymsla á bílnum meðan dvalið er erlendis endurgjaldslaust. Nánari upplýsingar á www.hotelkeflavik.is

Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gistingu á farfuglaheimilum en þau eru 36 og staðsett um allt land. Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng kodda, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110. Gisti félagsmenn á farfuglaheimilum geta þeir framvísað reikningum fyrir gistingunni á Skrifstofu stéttarfélaganna. Gegn því færst endurgreiðsla að upphæð kr. 2.000 per nótt fyrir gistinguna.

Lausar vikur í orlofshúsum

Þegar búið verður að úthluta orlofshúsum til félagsmanna í apríl verður hægt að sjá hvaða vikur eru lausar vakni áhugi hjá þeim félagsmönnum sem sóttu ekki um fyrir tilsettan tíma að bregða sér í orlofshús í sumar.

Veruleg niðurgreiðsla

Þess má geta að félögin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalgengt að félögin þurfi að greiða um 50.000 til 80.000 í leigu fyrir vikuna. Leiguverðið í sumar til félagsmanna verður kr. 29.000,-. Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar að hafa húsin á leigu. Þannig niðurgreiða stéttarfélögin hverja viku niður fyrir félagsmenn um allt að 50.000 kr. per. viku.

Tjaldstæðastyrkur- Útilegukort

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 21.000,-.
Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagsmaður hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 6 mánuði.

Afsláttarkjör á bílaleigubílum

Bílaleiga Húsavíkur
Garðarsbraut 66 • Húsavík
Símar 464 2500 & 892 3436

Stéttarfélögin hafa samið við Bílaleigu Húsavíkur um afsláttarkjör fyrir félagsmenn á bílaleigubílum fyrirtækisins í Reykjavík. Um er að ræða 15% afslátt frá listaverði. Stéttarfélögin og Bílaleiga Húsavíkur gerðu þennan samning til að auðvelda fólki sem nýtir sér flug frá Húsavík eða Akureyri að ferðast um höfuðborgarsvæðið í þægilegum bílum frá bílaleigunni. Þegar menn panta bíla hjá Bílaleigu Húsavíkur er nóg að þeir gefi upp að þeir séu félagsmenn í Framsýn, Þingiðn, Starfsmannafélagi Húsavíkur eða Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Þá er þessi góði afsláttur í boði fyrir félagsmenn.

Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. **Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.**

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður en farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

Demantshringurinn kallar

-sumarferð stéttarfélaganna-

Stéttarfélögin bjóða félagsmönnum og gestum þeirra upp á magnaða sumarferð 2020. Sumarferðir stéttarfélaganna hafa fram að þessu notið töluverðra vinsælda. Nú er komið að því að fara Demantshringinn með rútu frá Húsavík. Reiknað er með að farið verði í ferðina um miðjan ágúst. Um er að ræða dagsferð þar sem náttúruperlur eins og Goðafoss, Mývatn, Dettifoss, Hólmatungur, Hljóðaklettar og Ásbyrgi verða skoðaðar undir leiðsögn. Þá verður boðið upp á veitingar á leiðinni og grillað á einhverjum góðum áningarstað. Frekari upplýsingar um dagsetningu ferðarinnar, fyrirkomulag og þátttökugjald verður í næsta Fréttabréfi stéttarfélaganna á vormánuðum.

Endalausir gistimöguleikar í boði

Stéttarfélögin bjóða upp á ýmsa gistimöguleika fyrir félagsmenn, fyrir utan íbúðir félaganna, sem hægt er að skoða inn á orlofsvef stéttarfélagana undir miðar og kort. Meðal þeirra kosta sem eru í boði: Bed and Breakfast Keflavík, Hótel Keflavík, Alba gistiheimili, Fosshótel, Icelandair hótel, KEA og ýmsir aðrir kostir. Hvetjum við fólk til að kíkja inn á orlofsvefinn og skoða alla þá fjölmörgu gistimöguleika sem eru í boði fyrir félagsmenn og fjölskyldur.

Fosshótel Reykjavík er einn af þeim fjölmörgu möguleikum sem eru í boði fyrir félagsmenn þurfi þeir á gistingu að halda á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmenn sveitarfélaga hækka í launum

Ný launatafla tekur gildi hjá starfsmönnum sveitarfélaga sem eru innan Framsýnar stéttarfélags og Verkalýðsfélags Þórshafnar þann 1. apríl 2020. Hækkunin er kr. 24.000,-. Hækkunin miðast við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

„Snjallkistan“ , ýtir undir tækimennt og stafræna færni í grunnskólum

Framsýn veitir árlega fjölmarga styrki til verðugra verkefna inn á félagssvæðið, með beinum eða óbeinum hætti. Með því móti styður félagið við margs konar starfsemi á svæðinu og styrkir þannig stoðir samfélagsins. Styrkir þessir eru veittir til menningarmála, menntunar og íþróttastarfs svo fátt eitt sé talið. Það er gaman að segja frá því, að eitt af þeim verkefnum sem félagið studdi við á síðasta ári var samstarfsverkefni Þekkingarnets Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, sem gengur undir nafninu „Þingeyska Snjallkiskan.“ Snjallkistan góða ferðast á milli skóla á vinnusvæði Þ.Þ. samkvæmt samkomulagi, en hún er hlaðin ýmsum forvitnilegum kennslugögnum. Gögnin eiga það sammerkt að vera ætluð til að örva og kenna forritun, kóðun, rafmagnsfræði, rýmisgreind ofl. sem allt byggir undir færni barna, viðheldur eðlislægri forvitni þeirra og frumkvöðlahæfileikum. Einnig er í kistunni góðu að finna vinylskera og hitapressu, þar sem hægt er að búa til vegglímmiða, stensla, fatamerkingar o.fl. sem hugmyndaflugið leyfir. Börnin í Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit hafa undanfarið notið góðs af þessum nýstárlegu kennslugögnum og kunnað vel að meta þau. Það er líka nauðsynlegt að byrja snemma að vekja áhuga barna á tækni og kenna þeim fyrstu skef forritunar á nútímalegan máta. Óhætt er að segja að verkefni sem „Snjallkistan“ , sem ætluð eru til þess að ýta undir tækimennt og stafræna færni í grunnskólum á svæðinu, séu mikilvægt byggðamál, því framtíðin er barnanna og hún mun byggja á tækni, tæknilæsi og þekkingu. Meðfylgjandi eru myndir úr Stórutjarnaskóla sem Ósk Helgadóttir tók.

Fræðslusjóður Þingiðnar

Fullgildir félagsmenn Þingiðnar eiga rétt á góðum styrkjum úr Fræðslusjóði Þingiðnar stundi þeir nám eða sæki námskeið á eigin vegum. Styrkurinn getur numið allt að kr. 130.000 á hverju ári, þó ekki meira en 75% af kostnaði við námið. Nýti menn ekki réttinn safnast hann upp yfir þriggja ára tímabil og getur mest orðið kr. 390.000. Réttur félagsmanna fer eftir greiddu félagsgjaldi síðustu 12 mánuði áður en stofnað er til kostnaðar við námið. Rétt er að taka fram að þar sem Fræðslusjóður Þingiðnar var stofnaður á síðasta ári skapast þriggja ára rétturinn ekki fyrr en vorið 2021 hjá félagsmönnum.

Ungliðastarfið skilar árangri

Eins og fram kemur í Fréttabréfinu hefur verið gengið frá kjöri á félagsmönnum í trúnaðarstöður hjá Framsýn og Þingiðn fyrir næsta kjörtímabil sem eru tvö ár. Kjörið tekur gildi frá og með næstu aðalfundum félaganna í vor. Ekki liggur endanlega fyrir hvenær þeir verða haldnir. Það sem er gleðilegt er að unnið hefur verið markvist að því að þjálfa ungt fólk til að taka við keflinu af þeim sem eldri eru. Sem dæmi má nefna að ungt fólk er nú áberandi í stjórnum Þingiðnar og Framsýnar.

Hér má sjá tvær ungar og kraftmiklar konur sem koma til með að taka við ábyrgðarstöðum á næsta aðalfundi Framsýnar. Elva verður ritari aðalstjórnar Framsýnar auk þess að vera formaður Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan félagsins. Guðmunda Steina kemur inn í trúnaðarráð Framsýnar auk þess að vera formaður Framsýnar-ung. Framtíðin er greinilega björt hjá Framsýn.

Námsstyrkir hækkaðir

Stjórnir sjóðanna Landsmenntar, Sjómenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar, sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn, hafa samþykkt að hækka hámark einstaklingsstyrkja vegna náms/námskeiða og kynnisferða úr kr. 100.000 upp í kr. 130.000 á ári. Nýja reglan tók gildi um síðustu áramót. Uppsafnaður þriggja ára réttur hækkar úr kr. 300.000 í kr. 390.000. Hækkunin tók gildi 1. janúar 2020 og gildir gagnvart því námi sem hefst á nýju ári. Fjölmargir félagsmenn Framsýnar nýta sér á hverju ári styrki til náms eða námskeiða sem þeir sækja. Á meðfylgjandi mynd má sjá stjórn Fræðslusjóðsins Landsmenntar ásamt starfsmönnum. Stjórnarformaður sjóðsins er formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni.

Tónkvíslin fagnar 15 ára afmæli

Það hefur alla tíð verið sjarmi yfir Framhaldsskólanum á Laugum, enda mikill metnaður lagður í skólastarfið og ekki síður félagslífið. Dæmi um það er Tónkvíslin þar sem ungt fólk úr skólum í Þingeyjarsýslum kemur saman og keppir innbyrðis í söng. Tónkvíslin hefur verið haldin í 15 ár og hefur vaxið ár frá ári svo eftir hefur verið tekið, það er enda mikið lagt upp úr umgjörð keppninnar. Framsýn stéttarfélag hefur lengi komið að því að styrkja Tónkvíslina ásamt fjölmörgum öðrum styrktaraðilum. Framsýn vill nota tækifærið og óska Tónkvíslinni til hamingju með 15 ára afmælið. Þetta er einfaldlega frábært framtak.

Trúnaðarmanna-námskeið framundan

Stéttarfélögin standa fyrir tveggja daga trúnaðarmanna-námskeiði dagana 16 – 17 apríl nk. Námskeiðið verður haldið á Húsavík. Skráning fer fram hjá Félagsmálaskóla alþýðu og þar er hægt að skrá sig inn á Mínar síður eða með rafrænum skilríkjum https://www.felagsmalaskoli.is/ eða með því að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna. Námskeiðin eru trúnaðarmönnum að kostnaðarlausu og eru bæði fræðandi og skemmtileg. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga eiga trúnaðarmenn rétt á að sækja slík námskeið á vinnutíma án skerðingar launa.

Trúnaðarmannanámskeiðin hafa verið vel sótt af félagsmönnum. Á öllum vinnustöðum þar sem starfa 5 eða fleiri starfsmenn eiga að vera starfandi trúnaðarmenn. Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Um síðustu mánaðamót rann út frestur til að skila inn lista eða tillögum um fólk í trúnaðarstörf á vegum Framsýnar stéttarfélags fyrir komandi kjörtímabil sem eru tvö ár, það er frá aðalfundi félagsins 2020 til aðalfundar 2022. Ekki bárust aðrar tillögur eða listar en frá trúnaðarráði félagsins um félagsmenn í stjórnir, ráð eða nefndir á vegum félagsins. Því er sjálfkjörið í trúnaðarstörf í Framsýn fyrir næsta kjörtímabil. Um 80 manns gegna trúnaðarstöðum fyrir félagið á hverjum tíma, það er fyrir utan trúnaðarmenn á vinnustöðum sem eru um þessar mundir um tuttugu.

Fjölmargir koma að stjórnunarstörfum fyrir Framsýn á hverjum tíma.

Séreignarsparnaður Íslandsbanka

Viltu safna fyrir íbúð?

Séreignarsparnaður er ein hagkvæmasta sparnaðarleiðin sem er í boði í dag. Þú getur skráð þig í séreignarsparnað á vefnum á aðeins örfáum mínútum.

islandsbanki.is/sereignarsparnadur

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is